

Nö.

175. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get ekki talið hentugt að hafa kosningar um háannatíma landsmanna. Hinsvegar geta veður bogað 1. vetrardag, enda kosningar áður ákveðnar í september.

Bændur eiga örðugast með að sækja kjörfundi, og þar sem einyrkjabúskapur verður almennari með ári hverju, eiga þeir margir ekki heimgengt virka daga. Mundi því rjettast að hafa kosningar á sunnudegi. Samkvæmt þessu ber jeg fram svofeida

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. í stað orðanna »hinn 1 júlí — á undan« komi: hinn 3. sunnudag í septembermánuði.

Alþingi, 21. mars 1929.

Magnús Torfason.